

greiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

Heildsölugjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984. Jafnframt er úr gildi felld heildsölugjaldskrá nr. 118 22. febrúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1984.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Bessastaðahrepps.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 23,60.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

##### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " .....	Kr. 121,00
b) fyrir mæla 1" og stærri .....	270,00

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 117,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

## 7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss  $m^3$

(utanmál)

Heimæðargjald

Allt að 600 kr. 56 600,00

600—2 000 kr. 56 600,00 fyrir  $600 m^3 + 38,70 \text{ kr}/m^3$  þar yfir

Meira en 2 000 kr. 111 100,00 fyrir  $2 000 m^3 + 33,40 \text{ kr}/m^3$  þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 455,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskipta-manns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 259,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgáingur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 125 22. febrúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1984.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

### 1. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Lýsing.

- A.1 3,80 kr. hver kWst. til lýsingar.  
A.2 2,75 kr. hver kWst. til lýsingar auk fasteignagjalds er nemi 1 446,00 kr. fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt eða minna og 44,30 kr. fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>. Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælskápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 ferm. gólfplatar.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- B.2 3,20 kr. hver kWst. til heimilisnotkunar.

#### C. Vélanotkun.

- C.1 3,80 hver kWst. til iðnaðar.  
C.2 4 410,00 kr. hver kW/ár ef um meira en 50 kW er að ræða og 0,95 kr. hver kWst. ef notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlið verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.  
C.3 3,80 kr. hver kWst. ef um meiri notkun en 30 kW er að ræða og notkunartími meiri en 1000 klst. á ári.  
C.4 0,54/0,47 kr. hver kWst. og 4 503,00 kr. hvert kW Sértaxti Gefjunar.  
C.5 5,84 kr. hver kWst. til nýbygginga.

#### D. Hitun.

- D.1 1,00 kr. hver kWst. til upphitunar ef straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma rafveittunnar, þó aldrei lengur en 1½ klst. í senn.  
D.2 0,77 kr. hver kWst. til næturhitunar ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 08 til 23.

#### E. Hitun í iðnaði.

- E.1 1,99 kr. hver kWst. til iðnaðarhitunar. Lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.  
F.1 1,35 kr. hver kWst. Sértaxti Málmhúðunar.